

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Frá
ofsóknara
til boðbera
Krists



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Ruth Klassen


Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.






Guð gerði stórkostlega hluti í gegnum fólk sitt á upphafsárum kirkjunnar.

Maður nokkur, Filippus að nafni, var önnur kafinn við að prédika Jesú til fjöldans í höfuðborg Samaríu. En Guð sendi hann úti eyðimörkina. Af hverju?






Guð vissi að það var maður á
ferð í eyðimörkinni,
yfirmaður í hirð Kandake
drottningar Eríópiu. Hann
var að fara heimleiðis og var
að lesa í merkilegri bók.
Getur þú ímyndað þér hvaða
bók hann var að lesa?



Pegar
Filippus
hlýddi kalli
Guðs, leiddi
Guð hann beint
til yfirmannsins sem
var að lesa Guðs orð án
þess að skilja það. Hann
fagnaði komu Filippusar.



"Hvað þýðir þetta?" spurði hirðmaðurinn. Filippus svaraði og útskýrði ritninguna er hann spurðist fyrir um, og prédikaði Jesú til hans á meðan vagninn skrölti áfram á eyðimerkurveginum.





Fyrr en varði,
fór afríkanski
hirðmaðurinn að trúá
boðskap Biblíunnar, að Jesús
Kristur væri sonur Guðs. Er þeir
komu að vatni nokkru, sagði hann,
"Hvað hamlar mér að skírast?"




Þá svaraði Fillipus, "Það getur þú, ef þú trúir af öllu þínu hjarta" Hirðmaðurinn svaraði þá, "Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs," tók þá Filippus hann að vatninu og skírði hann.






Nú er þeir komu uppúr vatninu, hreif andi drottins Filippus burt. Hirðmaðurinn afríkanski, sá Filippus ekki framar, en hélt áfram leiðar sinnar með mikinn fögnuð í hjarta sínu.



En svo voru sumir sem hötuðu kristið fólk. Stefán, einn af vinum Filippusar, hafði verið gríttur til dauða af trylltum líð sem var á móti því að hann talaði um Jesú. Maður nokkur, Sál frá Tarsus, var meðsekur í dauða Stefáns. Sál hataði allt kristið fólk.



Sál, sem blés ógnum og
hótunum um manndráp gegn
kristnu fólki, gekk fyrir
æðsta prestinn og beiddist
bréfa af honum, er gáfu
honum leifi til að taka menn
og konur fanga, sem
aðhylltust Jesú Kristi.






Páll frá Tarsus
hafði ekki gert sér
það ljóst, að þegar
hann harmaði fólk
er trúði á
almáttugan Guð, að
hann var í raun og
veru að harma Jesú
sjálfan. Nú var
kominn tími fyrir
Guð að stöðva Sál.
En hvernig?



Guð stöðvaði Sál!
Er Sál var á leið
sinni til Damaskus,
leiftraði skyndilega
á hann skært ljós af
himni. Sál féll til
jarðar og heyrði
rödd segja við sig:
"Sál, Sál, hví
ofsækir þú mig?"







"Hver ert þú herra?" spurði Sál. "Ég er Jesús, sem þú ofsækir." Skjálfandi og furðu lostinn, Sál spurði, "Herra, hvað viltu að ég geri?" Og Drottinn sagði við hann, "Rístu upp og farðu inní borgina, og þar verður þér sagt hvað þú átt að gera."



Samferðamenn
Sáls heyrðu líka
röddina en sáu
engann. Er Sál
reis upp frá
fallinu, gerði hann
sér ljóst að hann
var blindur. Þeir
leiddu hann til
Damaskus.



Sál var sjónlaus í þrjá daga, og naut hvorki matar né drykkjar. Kannski hann hafi notað tímann til tala við og biðja til Jesú Krists sem hann hitti á veginum til Damaskus.



Allt var þetta fyrirætlað hjá Guði. Í Damaskus var lærisveinn nokkur, Ananías að nafni, er var af Guði sendur til að hjálpa Sál. Ananías hlýddi köllun Guðs. Þegar hann lagði hendur yfir Sál, fékk hann fulla sjón aftur og fylltist af Heilögum Anda.



Sál var skírður. Síðan borðaði hann. Eftir að hafa neitt matar, styrktist hann, og var nú tilbúinn að takast á við það sem framundan var.



Sál tók nú þegar að prédika í samkunduhúsunum, að Jesús væri sonur Guðs. Allir þeir sem heyrðu, undruðust og sögðu, "Er þetta ekki sá sem ofsótti og eyddi þeim er voru kristnir?"

Og sumir ráðguðust um að drepa Sál.





Nýir fjéndur Sáls
vöktuðu borgarhliðin
til að drepa hann, ef
ske kynni að hann
reyndi að flýja. En
hinir nýju kristnu vinir
hans fóru með hann að
næturlagi, og létu
hann síga niður í stórri
körfu yfir
borgarmúrinn.





Að þessu loknu,
varð Sál, sem
fyrrum ofsótti
kristið fólk,
trúfastur
fylgjandi
meistara síns,
Jesú Krists.



Frá ofsóknara til boðbera Krists

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 8, 9

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

